

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 176/1987 yfir efna- og örverurannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Liðurinn: „Örverurannsóknir“ í 2. gr. orðist svo:

Örverurannsóknir:	kr.
Undirbúningur sýnis	295.
Talning við ræktun, eins konar	280.
Talning við ræktun, tvenns konar	520.
Kólígerlar, MPN	385.
Staphylococcus aureus	325.
Ger- og myglusveppir	280.
RODAC-skálar með æti, stk.	40.
Sterilitetsprófanir á lyfjum	1 370.
Sulfit-afoxandi Clostridia/hitað	295.
Bacillus/hitað	295.
Clostridium perfringens	325.
Salmonella	580.
Roðagerlar	280.
Slíngerlar	280.
Ræktun fyrir niðursuðuvörur	385.
Loftfirrð ræktun	430.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. maí 1987.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

Nr. 195

14. maí 1987

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bann við togveiðum austur af Hvalbak.

1. gr.

Í stað orðanna „15. maí 1987“ í 1. gr. komi orðin: 15. júní 1987.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.